

# Bókmenntir og ljóð

Sögusvið: .....	1
Umhverfi: .....	1
Persónur .....	1
Hlutlægni – huglægni .....	2
Tími .....	2
Smásaga.....	2
Rím .....	3
Ljóðstafir .....	4
Myndmál.....	4

## Sögusvið:

- Vettvangur sem saga gerist á, umhverfi sem persónurnar hrærast í.
- Sögusvið er t.d.
  - Lýsingar á landslagi, hýbýlum og öðrum ytri aðstæðum.
  - Tímabundnar aðstæður, s.s. sögulegur tími viðburða, árstíðir, veðurfar o.s.frv.
  - Lífnaðarhættir og störf persona.
  - Félagslegt umhverfi, s.s. pólitískt, fjárhagslegt, trúarlegt eða siðferðilegt.
- Til að átta sig á sögusviði getur verið gott að spyrja sig spurning eins og:
  - Hvar gerist sagan?
  - Hvenær gerist sagan?
  - Hvernig er veðrið?
  - Hvernig eru lífshættir persóna?
  - ...

## Umhverfi:

- Allar ytri aðstæður, náttúrulegar, félagslegar og menningarlegar.

## Persónur

- Aðalpersóna
  - gegnir meginhlutverki
  - mest er fjallað um hana af persónum sögunnar
- Aukapersónur
  - þjóna framgangi sögunnar
  - auka vitneskju um aðalpersónu
  - gegna ekki meginhlutverki

## Hlutlægni – huglægni

Í frásögn er um tvær leiðir að velja; hlutlæga og huglæga.

- Hlutlæg lýsing eða frásögn leggur áherslu á staðreyndir.
  - Markmið hlutlægrar frásagnar er að fræða og veita upplýsingar. Miklu skiptir að segja einungis frá staðreyndum.
- Huglæg lýsing eða frásögn felur í sér tilfinningaleg viðhorf og dóma.
  - Markmið huglægrar frásagnar er að tjá afstöðu mælanda og höfundar og hafa um leið áhrif á viðmælanda.
  - Dæmi: Mér finnst...

## Tími

- Tími er mikilvægt atriði í skáldverkum. Einkum er nauðsynlegt að höfundur haldi sig við tíma og umhverfi sem hann hefur valið en gleymi sér ekki blandi saman ólíkum tímaskeiðum. Það væri t.d. klaufalegt að láta sögu gerast um 1880 og segja að persónur hafi ekið um í billum.
- **Ytri tími:** Hvenær þeir atburðir gerast sem greint er frá samkvæmt almanakstíma.
- **Innri tími:** Sá tími sem líður innan takmarka verksins frá upphafi þess til enda.
  - T.d. er innri tími sjónvarpsþáttanna 24 einn sólarhringur, þar sem sagan gerist á einum sólarhring.

## Smásaga

Smásagan á rætur í goðsögum, helgisögum, dæmisögum, ævintýrum og þjóðsögum og stendur nánast milli stuttra munnlegra frásagnartexta og skáldsagna. Oft er upphaf smásagna rakið til Austurlanda.

- Stutt saga, oftast fáar blaðsíður
- Lítil eða enginn aðdragandi er að sögunni sjálfri

Lilja Guðný

(tekið saman hédan og þaðan, úr Mállyrkju, af Málbjargarvefnum og Skerpuvefnum, Gormu og fleiri bókum)

- Fáar persónur eru í sögunni
- Smásaga fjallar oftast um einn atburð
- Aðalpersóna er sú persóna sem mest er fjallað um og sagan byggir á
- Aukapersónur sýna oft aðalpersónu í nýju ljósi

## Rím

### Karlrím (einrím)

- Karlrím eða einrím er það kallað þegar saman ríma **einsatkvæðisorð**.
- Dæmi: bíll-fíll, hús-mús, lús-krús, jólin-hjól.

### Kvenrím (tvírím)

- Kvenrím eða einrím er það kallað þegar saman ríma **tveggja atkvæða orð**.
- Dæmi: bíllinn-fíllinn, flaska-taska, húsin-músin, jólin-hjólin.

### Veggjað rím (þrírím)

- Veggjaðrím eða þrírím er það kallað þegar **þriggja atkvæða orð** ríma saman.
- Dæmi: gardína-sardína, jólanna-hjólanna, Haraldur-faraldur.

### Endarím

- Rím í **enda** braglínu.

### Runurím

- Rímorðin standa í **röð** (runu) í hverri línunni af annarri.

### Víxlrím

- Rímorðin eru í annarri hverri braglínu, þ.e. á **víxl**.

## Ljóðstafir

- **Ljóðstafir** standa fremst í kveðum á ákeðnum stöðum í vísu eða kvæði.

Ljóðstafir heita:

- **stuðlar**
- **höfuðstafir**
- Algengast er að þrjú ljóðstafir fylgist að, í tveimur braglínnum:

**M**argur fengi **m**ettan kvið,

**m**á því nærri geta,

yrði fólkvið **v**anið **v**ið

**v**ind og sjó að éta.

## Sérhljóðar sem ljóðstafir

- Oftast eru ljóðstafir þrjú sama hljóðið (sami bókstafurinn).
- Það á þó ekki við ef sérhljóðar eru notaðir fyrir ljóðstafi. Þá má nota hvaða sérhljóða sem er.

Fræðslulögin **ö**ll sem **e**itt

**v**ljá mínu hjarta.

**E**nda hef ég **a**ldrei neitt

**u**ndan þeim að kvarta.

## Myndmál

Viðlíking:

- Einu líkt við annað með því að nota samanburðarorð.

Lilja Guðný

(tekið saman hédan og þaðan, úr Málýrkju, af Málbjargarvefnum og Skerpuvefnum, Gormu og fleiri bókum)

- Guðmundur er fimur eins og köttur.
- Hann er sterkur líkt og naut.

### Myndhverfing:

- Einu líkt við annað án þess að nota samanburðarorð.
  - *Guðmundur er köttur sem fer um göturnar á handahlaupum.*

Myndhverfing er algeng í daglegu tali. Hún getur verið eitt orð eða heil setning.

- Fjallsöxl, borðfótur, kattþrifinn, bragðarefur. Þú ert sólin í lífi mínu.

### Persónugerving:

- Dauðum fyrirbærum lýst sem þau séu lifandi, þau eru **persónugerð**, gædd lífi, fá mannlega eiginleika.
  - Golan strýkur vanga.
  - Kuldinn bítur kinn.
  - Lækurinn hjalar.
  - Sólin brosir.
  - Bíllinn hikstar.
  - Þokan skríður, læðist
  - Fjallið faðmar
  - Blómið syngur

### Bein mynd:

- Einhverju sem fyrir augu ber er lýst eins og það birtist
  - Lítill fugl hefur gert sér hreiður í vorgrænu tré.

### Hugblær:

Hugblær ljóðs tengist þeim tilfinningum sem ljóðið vekur hjá lesandanum. Til að finna hugblæ ljóðs er t.d. hægt að spyrja eftirfarandi spurninga:

- Hvaða tilfinningu vekur ljóðið?
- Með hvernig raddblæ ætti að lesa ljóðið?